

STJÓRNARTÍÐINDI A 13 – 1996

12. júní 1996

281

Nr. 87

LÖG

um staðfesta samvist.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Tveir einstaklingar af sama kyni geta stofnað til staðfestrar samvistar.

2. gr.

Ákvæði II. kafla hjúskaparlaga gilda um skilyrði til þess að samvist verði staðfest samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 2. mgr.

Staðfesting samvistar getur aðeins farið fram ef báðir einstaklingarnir eða annar þeirra er íslenskur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi.

3. gr.

Áður en staðfesting fer fram skulu aðilar leggja fram vottorð þess efnis að könnun hafi átt sér stað á skilyrðum fyrir staðfestri samvist.

Ákvæði III. kafla hjúskaparlaga gilda um framkvæmd á könnun skilyrða fyrir staðfestri samvist.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um könnun á skilyrðum fyrir staðfestri samvist.

4. gr.

Sýslumenn og löglærðir fulltrúar þeirra framkvæma staðfestingu á samvist.

Ákvæði 21.–26. gr. hjúskaparlaga gilda um framkvæmd staðfestingar eftir því sem við á.

5. gr.

Staðfesting samvistar hefur, með þeim undantekningum sem greinir í 6. gr., sömu réttaráhrif og stofnun hjúskapar. Ákvæði laga sem varða hjúskap og maka gilda um staðfesta samvist og einstaklinga í staðfestri samvist.

6. gr.

Ákvæði ættleiðingarlaga um hjón og laga um tæknifrjóvgun gilda ekki um staðfesta samvist.

Ákvæði í alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að gilda ekki um staðfesta samvist nema aðrir sammingsaðilar fallist á það.

7. gr.

Staðfestri samvist lýkur við andlát samvistarmaka, með ógildingu staðfestrar samvistar eða með lögskilnaði.

8. gr.

Ákvæði hjúskaparlaga um ógildingu hjúskapar, hjónaskilnaði og fjárskipti milli hjóna vegna hjúskaparslita gilda um ógildingu og slit staðfestrar samvistar, sbr. þó 2.–4. mgr. Önnur ákvæði laga sem varða lok hjúskapar og réttaráhrif þeirra gilda um lok staðfestrar samvistar.

Sýslumaður eða dómari leitar sátta samkvæmt reglum 42. gr. hjúskaparlaga.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 114. gr. hjúskaparlaga er ávallt heimilt að höfða mál skv. 113. gr. laganna vegna staðfestrar samvistar fyrir íslenskum dómstólum hafi staðfesting farið fram hér á landi.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 123. gr. hjúskaparlaga, er íslenskum stjórnvöldum ávallt heimilt að leysa úr málum vegna staðfestrar samvistar sem stofnað er til hér á landi.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 27. júní 1996.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1996.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

um eftirlit með fiskveiðum utan lögsögu Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að.

Fyrir leyfi til veiða á úthafinu skal greiða gjald skv. 3. mgr. 18. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða. Útgerðir skipa sem fá úthlutað veiðiheimildum úr stofnum sem veiðast bæði innan og utan lögsögu Íslands skulu greiða sérstakt gjald — veiðieftirlitsgjald — vegna eftirlits með veiðum skipanna. Gilda um það ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi gjaldskyldu, gjaldstofn, gjaldstig, álagningu og innheimtu.